

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. gr.

Gjaldskylda.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar, skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við eftirfarandi töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Miðað er við að þvermál heimtaugar í íbúðarhús sé 25 mm. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Heimæð fyrir íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan viðkomandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimæð nái að lóðarmörkum og sumarhúsaeigandi sjái um að leggja sínar lagnir innan lóðar og á sinn kostnað.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í nóvember ár hvert og er uppfært einu sinni á ári, miðað við byggingarvísitölu (grunnur 2021) nóvember 2024, 121,0 stig.

Grunngjald heimæðargjalds vatnsveitu er eftirfarandi:

Þvermál rörs, mm	Lágmarksgjald kr.	Verð kr. pr. m umfram 30 m
Ø25	310.000	2.300
Ø32	380.000	2.700
Ø40	470.000	3.100
Ø50	648.000	3.800
Ø63	910.000	5.100
Ø75	1.120.000	6.800
Ø90	1.870.000	9.100
Ø110	2.500.000	12.300

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lóðamörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörs hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Ídráttarrör skal greiðast af eiganda viðkomandi íbúðar eða byggingaraðila.

Greitt er gjald fyrir hverja íbúð þegar um rað- eða parhús er að ræða. Gjaldskrá fyrir lögbýli gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu eða sprengingar á klöpp er heimilt að innheimta sérstakt álag sem nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald, sbr. ofangreint.

4. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera heildarfasteignamat af íbúðarhúsi, lóð og atvinnuhúsnæði. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksgjald á hverri íbúð skal vera 41.245 kr. Gjald af frístundahúsnæði er 32.603 kr. Ekkert hámarksgjald er á atvinnuhúsnæði.

5. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu sveitarfélagsins er notað til atvinnurekstrar sem krefst mikillar vatnsnotkunar eða annars en venjulegrar heimilisþarfa er heimilt, auk vatnsgjalds, að innheimta sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 37 kr./m³.

Notkunargjald tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala nóvember 2024, 121,0 stig.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveitan er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
15 mm	11.500 kr.
20 mm	12.000 kr.
25 mm	15.000 kr.
32 mm	16.500 kr.
40 mm	20.200 kr.
50 mm	24.700 kr.
80 mm	64.400 kr.

Mælaleiga tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala nóvember 2024, 121,0 stig.

7. gr.

Gjalddagar.

- Heimæðargjald:* Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöld skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- Vatnsgjald:* Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslu heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjaldi, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, fylgir fjárnámsheimild.

10. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samin og samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. desember 2024, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Samhliða gildistöku gjaldskrár þessarar fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 88/2010.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 4. desember 2024.

Sylvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2025